

Heiti verkefnisins	Safnastefna Norðurlands eystra
Númer verkefnis	2021-4
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að marka sameiginlega stefnu fyrir söfn, sýningar og aðrar menningarmínjar á svæðinu. • Að efla samvinnu safna á milli með það að markmiði að auka fagmennsku í starfsemi safnanna. • Að vinna sameiginlega markaðsstefnu fyrir söfn og setur á svæðinu. • Að vinna sameiginlega fræðslustefnu fyrir söfn og setur á svæðinu. • Að innan tímabils núverandi sóknaráætlunar verði samþykkt í það minnsta eitt ábyrgðasafn í landshlutanum.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Haustið 2019 vann RHA skýrslu fyrir Eyþing/SSNE sem ber heitið Samstarf safna – Ábyrgðasöfn. Sameining og samvinna safna á Eyþingssvæðinu. Verkefnið er liður í byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024 og er markmið þess að efla safnastarf í landshlutanum með athugun á hvort hægt er að auka samstarf eða sameiningu safna á svæðinu í samstarfi og samráði við höfuðsafn og viðurkennt safn.</p> <p>Á Norðurlandi eystra eru um 40 söfn, setur og sýningar og af þeim hafa 9 söfn hlotið viðurkenningu safnaráðs. Samkvæmt niðurstöðu skýrslunnar sem unnin var af RHA má greina áhuga forstöðumanna safnanna fyrir auknu samstarfi, s.s. í gegnum sameiginlegt markaðsstarf. Skýrslan sýndi einnig að nokkur söfn á svæðinu hefðu allar forsendur til þess að taka að sér hlutverk ábyrgðasafns, en eins og er gegnir ekkert safn í landshlutanum því hlutverki. Öll þrjú höfðsöfnin á Íslandi eru í Reykjavík, þ.e. Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Ef til kæmi að eitthvert safnanna á svæðinu tæki að sér stöðu ábyrgðasafns gæti það „breikkað forystu safnamála á Íslandi og virkað öðrum þræði sem góð byggðaaðgerð“, eins og kemur fram í skýrslunni. Áætlað er að safnastefna fyrir Norðurland eystra verði klár í september 2022 og verður hún unnin af RHA í samstarfi við verkefnisstjórn skipuð fulltrúum úr safna og menningarlífi á svæðinu og verkefnastjóra menningarmála hjá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE).</p> <p>Megintilgangur safnastefnu er að marka sameiginlega stefnu fyrir söfn, sýningar, sögulegar byggingar og menningarmínjar á svæðinu. Hlutverk safnastefnunnar er einnig að sýna fram á aukin tækifæri til frekari samvinnu safna á svæðinu með gerð sameiginlegrar markaðs- og fræðslustefnu og þannig nýta betur mannauð, þekkingu og fjármagn sem jafnframt skilar sér í bættri þjónustu við notendur safnanna.</p>
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Mennta- og menningarmál, MMR
Framkvæmdaaðili	SSNE
Samstarfsaðilar	RHA, fulltrúar safna og setra á Norðurlandi eystra.
Tengsl við sóknaráætlun	Eitt af áhersluatriðum sóknaráætlunar Norðurlands eystra fyrir árin 2020-2025 er innleiðing safnastefnu fyrir svæðið. Eins er áhersla lögð á að efla samvinnu safna og setra á svæðinu og að kynna og miðla menningararfleifð svæðisins til íbúa í auknum mæli (stafræn miðlun).

Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	Verkefnið styður einnig við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sbr. 17.17 Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi. 10.3 Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"> • Aukið samstarf safna og menningarstofnana á svæðinu. • Aukin fagmennska safna á svæðinu, s.s. námskeið fyrir starfsfólk og forvarsla. • Aukinn sýnileiki safna á svæðinu í gegnum sameiginlega markaðsstefnu. • Aukin aðsókn á söfn og sýningar á svæðinu með bættri og uppfærðri fræðsludagskrá.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Sameiginleg safnastefna fyrir Norðurland eystra með sameiginlegri markaðs- og fræðslustefnu fyrir söfn og setur á svæðinu.
Upphaf og lok verkefnis	Mars 2021 – September 2022
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	5.000.000 kr.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Kr. 3.000.000, -
Mótframlag (ef við á)	
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Byggðaáætlun og Menningarstefna stjórnvalda.